

LISTIR



Á miðgangi Kjarvalsstaða er röð vatnslitamynda eftir Sólveigu.

Höggmyndin vítt skilgreind

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

HÖGGMYNDALIST
NÍELS HAFSTEIN & SÓLVEIG
AÐALSTEINSDÓTTIRTil 24. febrúar. Opíó daglega
frá kl. 10–18.

MYNDHÖGGVARAFÉLAG

Reykjavík er þrjátíu ára. Af því tilefni hefur sýningarstjórn þess – skipuð þeim Péttri Erni Friðriks-syni, Ólöfu Nordal og Helga Hjaltalín – valið sex listamenn – tvo og tvo í senn – til að halda sýningar í miðrymi Kjarvalsstaða. Það eru þau Sólveig Aðalsteinsdóttir og Níels Hafstein sem ríða á vaðið með yfirlætislausu sýningu, sem þó leynir á sér, ekki síst vegna þess hve þeim starfsfélögum þykir augljóslega gaman að vinna saman.


Þau Sólveig og Níels eru bæði af þeim skóla sem álitur list vera einlægustu tegund sjálfstjáníngar, hafna yfir allt veraldlegt þras á borð við smekkvísi, markaðsgildi eða aðra ytri verðleika. Það þýðir að verk þeirra verða ekki metin eftir forskrift um það hvernig góð myndlist á að vera. Það skondna við val sýninganevndarinnar á þeim Níels og Sólveigu er sú staðreynd að hvorugt þeirra er myndhöggvari

nema í allra vídtækustu merkingu orðsins.

Við blasir að „Uppgufaðir vatnslitir á pappír“ Sólveigar – vatnslitadár arkir í plastsvuntum sem teygja sig óreglulega eftir endilöngum veggnum á miðgangi Kjarvalsstaða – er röð vatnslitamynda og þar af leiðandi meir í ætt við tvívíðar, litadár teikningar og málverk en höggmyndir. Með því að vísa til þeirra sem „Uppgufaðra vatnslita“ fær hún þó áhorfandann til að gæla með sér við þá hugmynd að verkin séu þrívíð. Litarefnið er alltént þrívítt, eins og vel má sjá í smásjá.

Hitt er látið liggja milli hluta að samkvæmt þessari skilgreiningu eru allar vatnslitamyndir að stofni til úr uppgufuðum vatnslitum því varla er það nokkurn tíma til síðs að sýna blautar vatnslitamyndir. Sólveigu hefur þó tekist ætlunarverk sitt með ágætum, sem er að fá okkur til að hugsa skilgreiningu efniviðarins upp á nýtt og efast um óskorað réttmæti fyrri flokkunar. Að þessu leyti er hún í ætt við Derrida, sem hafnar ekki viðteknum skilgreiningum en leyfir sér þó að afhjúpa takmarkanir þeirra.

Níels hafnaði snemma viðteknum forsendum höggmyndarinnar, þótt hann hafi sýnt sig vera fæddur verkmaður á því sviði. Ólíkt end-



Verk eftir Níels Hafstein.

urrisnarmönnum fimmtánda aldar sem yfírgáfu unnvörpum gullsmíðina til að gerast myndhöggvarar eða arkitektar, nema hvort tveggja væri, nálgadist Níels æ meir sýningarkassana eftir því sem á feril hans leið. Að hann skyldi enda uppi sem safnstjóri, Safnasafnsins á Svalbarðsströnd, ætti ekki að koma svo mjög á óvart. Raðtækni hans, eða serialismi, og rík tilfinning fyrir möguleikaleik með einfaldar formbreytur, tilbrigði og útúrdúra hentar afbrigðsvel fyrir sýningarkassa.

Hins vegar er Níels einnig málarí eins og Sólveig. Sýningarkassinn með penslunum í regnbogans litum, eða marglit kubbabyggðin í öðrum kassa, undir gleri, ber vott um litræna þörf í meiri mæli en gerist og gengur meðal myndhöggvara. Svartur litur verkanna í enn einum

kassanum – sum þeirra eru úr gúmmí – dugar ekki til að draga fjöður yfir malarann sem Níels fósttrar með sér. Eins og Adorno hélt fram þá er svart raunlitur nútímans. Litagleðin sem brýst fram sem andstæða svarta litarins felur einungis kolað eðli nútímahyggjunnar. Þessir þættir virðast augljósir þegar sýningarkassar Níelsar eru bornir saman.

Þannig er sýning Níels Hafstein og Sólveigar Aðalsteinsdóttur í tilfni af þrjátíu ára afmæli Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík frá- bær vottur um útvíkkun hugtaksins höggmynd í listþróun á síðustu áratugum.

Halldór Björn Runólfsson

MUNDU AÐ LIFA!

Finnska skáldkonan Katri Vala hefur verið talin meðal helstu skálda Finna. **Jóhann Hjálmarsson** bendir á nýleg skrif um hana eftir skáldsystur hennar og vinkonu.

KATRI Vala (1901–1944) lést ung á heilsuhæli. Hún hefur verið talin í fremstu röð finnskra skálda og er jafnvel skipað við hlið Edith Södergran.

Skáldsystir Vala og vinkona, Helvi Hämäläinen (1907–1998), á grein um hana í Books from Finland 4/2001 og er greinin þáttur endurminninga hennar.

Hún minnr á að þrátt fyrir fátækt, erfðleika og veikindi hafi Vala verið trú einkunnarorðunum Memento vivere! Mundu að lifa!

Þjóðfélagsgagnrýni og bölsýni setja svip á verk Vala, en hún tilheyrði hópi svokallaðra Kyndilbera í finnskum skáldskap og hún orti á finnsku. Eitthvað hefur verið þýtt á íslensku eftir hana. Meðal þess er þýðing eftir Jóhannes úr Kötlum sem birtist í Annarlegum tungum (1948). Hvíta hjartað nefnist ljóðið.

Það hefst á þessu erindi:

Einhver hefur grátið í sífellu.
Dag og nótt hef ég heyrð ekkann.
Til einskis hef ég hlauðið burt:
ég fékk ekki umfútið hann.

Lokaerindið er ástríufyllra, myndmálið ríkt:

„Úr hverju hefur hún dáið?“
Aftureldingin beygði roðnandi ásjónu sína
yfir hvít hjarta
sem lá útfennt innan um smárana.
Einhver hafði drukkið úr því.

Hämäläinen segist strax hafa heillast af Katri Vala og þótti hún snemma bera af öðrum samtíma-skáldum. Sjálf var hún stundum í vafa um skaldskap sinn, var ekki alltaf viss um hvort hún væri gott skáld eða vont.

Sjálf var hún ekki viss um pólitískt gildi verka sinna en það hafði sín áhrif að eiginmaður hennar var eindreginn kommúnisti og sat lengi í fangelsi fyrir Sovétvínáttu.

Berklarnir lögðu Katri Vala að velli og hún dó áður en hún fékk viðurkenningu að ráði. Harmleikur voru allt í kringum hana og mannlegur harmleikur varð hlutskipti fjölskyldu hennar. Hún gladdist þó yfir litlu í fátækt sinni og var trú vinum sínum og velunnurum.

Eftir lát hennar gerðist enn einn harmleikurinn. Eiginmaður hennar myrti hjúkrunarkonu, gamlan vin fjölskyldunnar, sem hann hafði boðað heim til sín og sonur hennar framdi sjálfsmorð í Svíþjóð, 29 ára að aldri.

Bréf frá henni sem birtast í tímaritinu sýna persónugerð hennar vel. Alltaf er hún jákvæð og vongóð þrátt fyrir allt.

Ljóð Katri Vala eru óvenju kraftmikil og full af lífsvilja. Hún gleðst yfir náttúrunni og tilfinningar hennar eru sterkar. Þetta eitt og sér nægði ekki ef vantaði skáldlegt myndmál. En af því hefur Katri Vala nóg og það skipaði henni meðal brautryðjenda í finnskum skáldskap.

Mundu að lifa! var kjörorð sem hún fór eftir þótt dauðinn væri ávallt í námunda við hana. Á berklahælinu í Svíþjóð eygði hún sem áður von, en þangað hafði hún komist fyrir hjálp sænskra skáldbræðra. Dvölin varð aftur á móti ekki löng því að dauðinn tók í taumana og hún sá ekki Finnland aftur.

Það var kannski eins gott vegna þess að von hennar um skáldabústað og viðurkenningu var tekin frá henni en án vitundar hennar sem betur fer eins og vinkona hennar, Hämäläinen, minnr á.

johj@mbl.is

Fimm flautuverk frumflutt á Myrkum músíkdögum

FIMM verk fyrir flautu verða frumflutt á tónleikum Myrkra músíkdaga í Listasafni Íslands á morgun, mánudag, kl. 20. Eftir Eirík Árna Sigtryggsson verða flutt tvö verk, Ice & Fire fyrir tvær flautur og Aldarsól fyrir tvær flautur og píanó, Dropaspil fyrir flautudúó eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Þættir '01 fyrir flautu og píanó eftir Finn Torfa Stefánsson og Afagull fyrir flautudúó eftir Mist Þorkelsdóttur. Flytjendur eru flautuleikararnir Martial Nardeau og Guðrún S. Birgisdóttir. Þeim til fulltingis er Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari.

„Afgull er samið fyrir Guðrúnu og Martial sl. vor. Það er númer 3 í röð þriggja flautuverka sem tengjast börnunum mínum þremur. Afgull er skemmtileg blanda af systkinum sínum en er þó alveg einstakur,“ segir Mist um Afgull.

Um verk sitt Þættir '01 fyrir flautu og píanó segir Finnur Torfi: „Ég hafði um hríð haft hug á því að semja verk fyrir hinn ágæta flautuleikara Martial Nardeau og lét verða af því í lok árs 2000. Verkinu lauk ég í byrjun 2001 og er nafnið af því sprottið. Þættirnir eru tveir. Sá fyrri er frekar hægur með fjörugrí sprettum. Sá síðari er allur hægur.“

„Ice and Fire er samið í Keflavík



Martial Nardeau, Guðrún Birgisdóttir og Snorri Sigfús Birgisson ásamt tónskáldunum Eiríki Árna Sigtryggssyni og Finni Torfa Stefánssyni.

veturinn 1998. Eins og nafnið ber með sér er verkið samið með enskumælendi flautuleikara í huga. Þetta verk er einskona rapsódía, byrjar í eftirhermuformi, léttu og lipru, þá tekur við flókin tilraun til að ná fram margskonar hugblæ og hrynmynstrum í samspili sem rennur inn í hressi-

legan kafla. Verkið endar með einfaldri raddsetningu á þekktu íslensku þjóðlagi,“ segir Eiríkur Árni um fyrra verk sitt. Um Aldarsól segir hann: „Aldarsól var samið í Keflavík á vordögum 1999. Verkið byrjar í mikilli birtu á efsta hluta píanósins, og eftir mikið ferðalag endar verkið á

dýpstu nótum þess. Á ferðalaginu birtast margs konar músíkmyndir í formi íslenskra þjóðlaga, pólyfóníu, mjúks flautudúetts, píanósóló sem rennur aftur inn í þrenndarleikinn. Þá tekur við smáblús, svo endar allt í þrástefsleik sem deyr smám saman út.“